

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. reglugerð nr. 1 10. janúar 1972, og nr. 364 28. nóvember 1974.

1. gr.

100. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lögreglustjórar (í Reykjavík Gjaldheimtan, sbr. reglugerð nr. 95/1962) skulu innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert.

Innheimta skal þó fyrirfram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að $\frac{2}{3}$ hlutum þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár, á þann hátt, er hér segir:

1. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð jafnháa allt að $\frac{2}{3}$ hlutum þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Nú hafa tekjur gjaldanda á gjaldárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægri skattar verði lagðir á hann en árið áður, og getur hann þá krafist lækkunar á greiðslum skv. þessum tl. Skattstjóri ákveður lækkunina.

Nú verður ljóst, þegar álagningu lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álögðum sköttum nemur, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt $\frac{1}{2}\%$ vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem féð var í vörslum innheimtumanns.

2. Álagða skatta, að frádregnu því, sem greiða ber skv. 1. tl., ber gjaldanda að greiða með fimm sem næst jöfnum greiðslum þann 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.
3. Vangreiðsla að hluta skv. þessari grein veldur því, að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrir en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Nú er skattur hækkaður svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtunni fyrir gjalddaga skv. 1. mgr. þessarar greinar, sbr. 90. gr., eða í tilefni af kæru til ríkisskattanefndar, sbr. 94. og 95. gr., ellegar vegna þess, að ríkisskattstjóri hafi lagt málið fyrir ríkisskattanefnd, sbr. 97. gr., þá telst sú skatthækkun í gjalddaga fallin 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina, og skal hún tilkynnt í ábyrgðarpósti.

Taka má skatt lögtaki ásamt dráttarvöxtum, sbr. 101. gr., hjá gjaldanda sjálfum eða öðrum þeim, sem bera ábyrgð á greiðslu hans, sbr. 102.—108. gr. og 1. mgr. 109. gr.

Kæra frestar ekki greiðsluskyldu né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu skatts, en ef skattur er lækkaður eða felldur niður, skal endurgreiðsla þegar fara fram, sbr. 98. gr. Dráttarvexti má einnig endurgreiða.

2. gr.

110. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reglur þær, sem settar eru í 100. og 101. gr. um gjalddaga, fyrirframgreiðslu og dráttarvexti og í 103. og 104. gr. um skyldur kaupgreiðanda til að halda eftir af kaupum til skattgreiðslu, skulu einnig gilda um innheimtu annarra þinggjalda en tekju- og eignarskatts og má taka slík gjöld lögtaki í einu lagi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er reglugerð nr. 1 10. janúar 1972 úr gildi felld.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1974.

Matthías Á. Mathiesen.

Dorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ**um stjórn og skipulag póst- og símamála.****1. gr.**

- 1.1. Stjórn póst- og símamála er í höndum póst- og símamálastjóra undir yfirstjórn samgönguráðherra. Póst- og símamálastjóri er framkvæmdastjóri þeirrar ríkisstofnunar, sem annast rekstur Pósts og síma.
- 1.2. Stofnunin greinist í þrjár aðaldeildir — hagdeild, tæknideild og rekstrardeild. Aðaldeildir greinast svo aftur í undirdeildir, samkvæmt skipuriti, sem ráðherra staðfestir.
- 1.3. Nánustu aðstoðarmenn póst- og símamálastjóra eru forstöðumenn hinna þriggja aðaldeilda.
- 1.4. Landinu skal skipt í póst- og símaumdæmi. Umdæmi I nær frá sýslumörkum Snæfellsness- og Dalasýslu að vestan og á Skeiðarársand að austan. Undir umdæmisstjóra í umdæmi I heyrir öll starfsemi póst-, síma- og radióstöðva stofnunarinnar í umdæminu. Umdæmisstjóri heyrir beint undir póst- og símamálastjóra. Önnur umdæmi Pósts og síma skulu vera óbreytt, þar til annað verður ákveðið.
- 1.5. Auk funda með einstökum forstöðumönnum um sérmál þeirra, heldur póst- og símamálastjóri, svo oft sem þörf þykir, fundi með forstöðumönnum aðaldeilda og annarra deilda til þess að ræða sameiginleg mál og önnur meiri háttar mál, sem hann telur rétt að ræða á slíkum fundi.

2. gr.

- 2.1. Starfssvið aðaldeilda er í höfuðatriðum sem hér segir:
- 2.2. **Hagdeild** annast yfirlit yfir fjárreiður, aðalendurskoðun og sjóðskoðanir, aðalskýrslugerðir, almenn starfsmannamál o. fl.
- 2.3. **Rekstrardeild** annast almenn viðskiptamál Pósts og síma og umsjón með viðskiptastöðvunum, utan þess sem umdæmisstjóra í umdæmi I er falið, enn fremur aðalbókhald, póstgíró, aðalgreiðsludeild o. fl.
- 2.4. **Tæknideild** annast tæknimál og áætlanagerð stofnunarinnar, þ. m. t. rekstur radió- og símakerfa ásamt rekstri aðalbirgðavörslu stofnunarinnar, húsbýggingar o. fl., utan þess sem umdæmisstjóra í umdæmi I er falið.
- 2.5. Undir umdæmisstjóra í umdæmi I heyrir öll starfsemi póst-, síma- og radióstöðva í umdæminu, þ. á m. radióstöðvarnar í Gufunesi, á Rjúpnahæð, útvarpsstöð á Vatnsenda, Lóranstöðvarnar á Gufuskálum og Reynisfjalli, Póststofan í Reykjavík og Símsstöðin í Reykjavík.